

Borgarráð

Starfshópur um íþróttaviðburði í Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki að fyrstu tillögum starfshóps um íþróttaviðburði í Reykjavík verði vísað til frekari úrvinnslu og tillögugerðar starfshópsins, sbr. hjálagt bréf formanns hópsins dags. 19. maí 2016. Þá skal vinna starfshópsins jafnframt taka mið af því að viðburðir sem ekki eru í hagnaðarskyni og viðburðir sem tengjast lýðheilsu geti fengið styrk frá Reykjavíkurborg á móti útgjöldum vegna götulokana og gjalda sem greiða þarf Reykjavíkurborg.

Miðað er við að kostnaður á árinu 2017 verði 15 mkr. sem greiðist af kostnaðarstaðnum ófyrirséð 09205 og árið 2018 verði kostnaður 15 mkr. sem færður verði inn í fjárhagsramma umhverfis- og skipulagssviðs, undir liðinn 3212-viðburðir.

Samráð verði á milli umhverfis- og skipulagssviðs, íþrótt- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasvið um hvaða verkefni teljist styrkhæf.

Sigurður Björn Blöndal
e.u.

Hjálagt:

Bréf formanns starfshóps um íþróttaviðburði í Reykjavík dags. 19. maí 2016.

Borgarstjórinn í Reykjavík
Dagur B. Eggertsson

Efni: Starfshópur um íþróttaviðburði í Reykjavík

Með erindisbréfi 18. apríl 2016 var starfshópi falið að skoða þau álitaefni sem upp koma í tengslum við íþróttaviðburði, svo sem hlaup, hjóltreiddakeppnir o.fl. og gera tillögur um fyrirkomulag til framtíðar.

Helstu verkefni hópsins voru:

- Gerð tillagna um hlutverk og stefnu Reykjavíkurborgar vegna íþróttaviðburða.
- Að gera tillögu um fyrirkomulag viðburðarstjórnunar vegna íþróttaviðburða, m.a. m.t.t. hlutverks Íþróttabandalags Reykjavíkur.
- Skoða hvernig háttá eigi götulokunum vegna íþróttaviðburða og gjaldtöku þar að lútandi.
- Gerð tillagna um kröfur til viðburðarhaldara og kostnaðarþátttöku þeirra.

Skila skal tillögum til borgarstjóra fyrir 15. júní 2016.

Hópurinn skilar hér með fyrstu hugmyndum sínum til frekari skoðunar og óskar eftir heimild til frekari vinnu.



Tillögur I

- Að samstarf verði milli ÍTR og ÍBR vegna kynningarmála, þeim er snúa að borgarbúum. Að samstarf verði milli ÍTR, ÍBR og Höfuðborgarstofu um kynningu á íþróttaviðburðum til erlendra ferðapjónustuaðila til samræmis við hátíðar í Reykjavík og undir flaggi vörumerkisins Reykjavík Festival City. Að samstarf verði milli viðburðahaldara og Höfuðborgarstofu varðandi kynningu á Reykjavík sem áfangastað íþróttaviðburða.
- Að umsóknum er varða íþróttaviðburði verði vísað til ÍBR sem einnig getur kallað eftir umsóknum félaga/sérsambanda. ÍBR leggi mat á fyrirhugaða viðburði og aðstoði framkvæmdaraðila við ferlið. Viðburðaáætlun taki mið af stefnu borgarinnar varðandi magn og tímasetningu viðburða. Hún verði borin undir ÍTR og HBS til endanlegrar samþykktar eða synjunar.
- Að þeir sem skipuleggja viðburði eins og hlaup og hjóltreidarkeppnir skuli sækja um leyfi til USK með minnst fjögurra vikna fyrirvara fyrir stærri viðburði og viku fyrirvara fyrir minniháttar viðburði.
- Að þeir sem skipuleggja hátíð, íþróttaviðburð eða aðra viðburði skuli sækja um leyfi til USK samkvæmt nánari skilgreiningu USK.
- Að heimilt sé að veita leyfi til lengri tíma, t.d. til 3 ára, vegna hátíða og viðburða sem fest hafa sig í sessi og eru árlegir eins og t.d. Reykjavíkurmaraþon, Rey-Cup, Jónsmessuhlaup, gamlárshlaup, Menningarnótt, 17. júní, tendrun Friðarsúlu Yoko Ono, Friðargöngunnar, sumargatna og áramótabrennu á Ægissíðu, svo framarlega sem engar breytingar séu á fyrirkomulagi hátíðar eða viðburðar milli ára. Í tengslum við útgáfu afnotaleyfis í slíkum tilfellum væri jafnhliða gert sérstakt samkomulag milli viðburðarhaldara, (leyfishafa) og Reykjavíkurborg.
- Að USK verði falið að gera heildstæða tillögu um gjaldtöku vegna umferðarlokana, götuhreinsunar og stjórnunar sem nái annarsvegar yfir hátíðar og viðburði hverskonar, og hinsvegar yfir skilgreindar borgarhátíðar og viðburði.
- Að stofnaður verði sérstakur framkvæmdarsjóður hátíða og viðburða í fjárhagsáætlun sem sækja verður í og verði fjárveitingin hjá Höfuðborgarstofu. Stofnuð verði nefnd sem sér um úthlutun úr sjóðnum og munu USK og ÍTR eiga fulltrúa í nefndinni. Skilgreindar borgarhátíðir og viðburðir (s.s. Menningarnótt, 17. júní, tendrun Oslóatrésins, Sumargötur) skulu þar á móti hafa fastan lið í fjárhagsáætlun.
- Að leyfishafi annist samskipti ásamt Höfuðborgarstofu og USK, við lögreglu, Slökkvilið og Landspítala vegna umferðarlokana og öryggismála.
- Að viðburðarhaldarar skulu bera ábyrgð á gæslu- og öryggismálum og tilnefna ábyrgðaraðila sem verði aðaltengiliður við borgaryfirvöld og aðra aðila.

- Að ÍBR og einstök félög vinni saman að heildarskipulagi slíkra viðburða með tilliti til tímasetninga m.a. til að forðast að einstaka viðburðir skarist ekki.
- Umsóknarferli vegna viðburða skal vera í samræmi við "Afnotaleyfi fyrir afnotum af borgarlandi" á heimasíðu Reykjavíkurborgar afnotaleyfi@reykjavik.is sbr. forsk. sem og reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 585/2007, með síðari breytingum.
- Að skoðuð verði uppsetning rafrænnar gáttar fyrir leyfisveitingar fyrir hátíðar og viðburði að erlendri fyrirmynd, sem gefið hafa góða raun, svo sem í Rotterdam í Hollandi. Slík gátt verði stuðningur við bæði starf Höfuðborgarstofu sem og USK. Hún sé til þess fallandi að bæta starfshætti enn frekar, byggja upp fagmennsku í hátíða og viðburðahaldi og flýta faglegri afgreiðslu leyfa.
- Að Höfuðborgarstofa hafi skýra heimild til að hafa frumkvæði að viðburðahaldi (s.s. Official UEFA Football Fanfest) og sækja til þess viðeigandi samstarfsaðila (s.s. KSÍ), og í því samhengi ráðstafa borgarlandi fyrir viðkomandi viðburð í samstarfi við USK, án þess að til auglýsingar komi.
- Að Höfuðborgarstofa (Visit Reykjavík) ÍTR og ÍBR hafi ásamt samstarfsaðilum innan og utan borgarkerfisins, skýra heimild til að hafa frumkvæði að því að bjóða í alþjóðlega viðburði sem vekja ómælda eftirtekt og athygli á landi og þjóð s.s. World Outgames leikana, upphafssprett Tour de France og sýninguna Body worlds. Veittur sé til þessa hlutverks auka liðsstyrkur og fjármagn sambærilegt og gerist hjá erlendum Visit skrifstofum t.d. í Kaupmannahöfn, Amsterdam og Edmonton.
- Að Höfuðborgarstofa verði gátt fyrir leyfisveitingar og annað fyrir íþróttaviðburði til samræmis við hátíðar og aðra viðburði samkvæmt þegar skilgreindu og samþykktu hlutverki hennar. Skal hún í því samhengi einnig sinna samráði og ráðgjöf við skipuleggjendur íþróttaviðburða eins og nú er með aðra viðburði og hátíðir í borgarlandinu.
- Að starfssvið hópsins verði útvíkkað og honum verði einnig gert að gera tillögu að hlutverki og stefnu Reykjavíkurborgar vegna íþróttaviðburða og nái þannig yfir hlutverk og stefnu Reykjavíkurborgar vegna hátíða, íþrótta- sem og annara viðburða. Þ.e. heildstæð viðburðastefna verði búin til.
- Að haft verði samráð vegna Meet in Reykjavík þar sem það á við, en ÍTR, ÍBR og ÍSÍ, Laugardalshöll og Egilshöll eru sérstakir aðilar að Meet in Reykjavík.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um íþróttaviðburði í Reykjavík

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Ýmiss konar íþróttaviðburðir hafa fest sig í sessi sem skemmtilegir og heilsueflandi þættir í borgarlífinu. Nefna má hlaup, hjólríðakeppnir o.fl. Hlutverk starfshóps um íþróttaviðburði í Reykjavík er að skoða þau álitæfni sem upp koma í tengslum við íþróttaviðburði og gera tillögur um fyrirkomulag til framtíðar.

Helstu verkefni:

- Gerð tillagna um hlutverk og stefnu Reykjavíkurborgar vegna íþróttaviðburða.
- Að gera tillögu um fyrirkomulag viðburðastjórnunar vegna íþróttaviðburða, m.a. m.t.t. hlutverks Íþróttabandalags Reykjavíkur.
- Skoða hvernig háttá eigi götulokunum vegna íþróttaviðburða og gjalddöku þar að lútandi.
- Gerð tillagna um kröfur til viðburðahaldara og kostnaðarþátttöku þeirra.

Starfshópin skipa:

Ómar Einarsson íþrótt- og tómstundasviði (formaður), Guðmundur Birgir Halldórsson/Karen María Jónsdóttir Höfuðborgarstofu, Hjalti J. Guðmundsson umhverfis- og skipulagssviði og Ingvar Sverrisson Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Starfsmaður:

Steinþór Einarsson, íþrótt- og tómstundasviði

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir 15. júní 2016

Reykjavík, 18. apríl 2016

Dagur B. Eggertsson

Upplýsingar til umsækjenda um „Afnotaleyfi“ fyrir afnotum af borgarlandi

ALMENNA UPPLÝSINGAR UM AFNOT AF BORGARLANDI

Til borgarlandsins teljast allar götur, gangstéttar, stígar, opin svæði, almenningsgarðar og torg. Afnót sem óskað er eftir eru mismunandi. Þau geta verið allt frá útisamkomu til þess að grafa upp götur til að koma fyrir lögnum. Hér að neðan er gerð grein fyrir mismunandi afnotum af borgarlandinu

BYGGINGAFRAMKVÆMDIR

Byggingaframkvæmdir eru ein algengasta ástæða þess að sækja þurfi um afnot af borgarlandinu. Þá er átt við byggingaframkvæmdir eða annarskonar mannvirkjagerð sem lóðarhafar og/eða fasteignaeigendur standa fyrir auk margvíslegra viðhaldsverkefna.

GRÖFTUR OG ÖNNUR JARÐVINNA

Allt sem lýtur að rofi á yfirborði, s.s. gröftur, fræsing, borun, sögun, fleygun, plæging, endurgerð jarðlaga og frágangur yfirborðs.

VIÐBURÐIR

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að glæða borgina lífi og auka við margskonar starfsemi og þjónustu. Markmiðið er að gera Reykjavík áhugaverðari, litríkari og sjálfbærari. Einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum er veitt leyfi fyrir margvíslegum afnotum af borgarlandi til að standa fyrir viðburðum og upþákomum.

GÖTU- OG TORGSALA

Útveitingar

Þjónustusvæði fyrir útveitingar skal afmarkað og skilgreint. Gera þarf grein fyrir veitingaborðum, stólum og öðrum tengdum búnaði. Sérstök áhersla er lögð á að hreyfihamlaðir sjöndaprír og fólk með börn í kerru eigi greiða og óhindraða leið framhjá þjónustusvæðum.

Markaðir, dag- og nætur sala

Um getur verið að ræða útmarkað, sölu veitinga úr vögnum og sölubífreiðum eða einstaklinga sem óska eftir að selja vörur sínar og varning í borgarlandinu.

ÖNNUR NOTKUN Á BORGARLANDINU

Hægt er að fá tímabundinn ráðstöfunarrétt á borgarlandi til þess að staðsetja gám, fataslá, sólhlíf, borð og þess háttar. Sama á við ef staðsetja á fána, hvort sem um er að ræða hátíðarfána eða kynningarfána. Ef staðsetja á skilti gildir samþykkt um skilti í lögsögu Reykjavíkur.

Enn önnur notkun á borgarlandinu er kvikmyndataka. Kvikmyndaiðnaðurinn er sífellt sýnilegri og innan hans þarf oft að notast við umferðarmannvirki og aðra hluta borgarlandsins.

Á FRAMKVÆMDATÍMA

Þegar heimiluð eru afnot af borgarlandi í margvíslegum tilgangi getur það haft í för með sér ýmsar hættur. Viðkomandi leyfishafa eru því sett skilyrði sem ætlað er að tryggja öryggi og að umferð gangandi, akandi og hjólandi vegfarenda við framkvæmdarsvæðið og borgarlandið sjálft raskist sem minnst. Auk þess er lögð áhersla á að vegfarendur og íbúar séu upplýstir um framkvæmdina og verklok hennar með greinargóðum merkingum á framkvæmdasvæðinu.